

bréfi Clarendons lávarðar, að áður en gjörðar yrði frekari ráð-
stafanir, þá skyldi danska stjórnin láta oss fá nákvæmari skýrslur.

1869.

8. júlí.

Það er vitaskuld, að það er á valdi dönsku stjórnarinnar
að gjöra þær ráðstafanir, sem henni er unnt, til að sporna við
þrætum og öðru innan takmarka landhelgarinnar, og ef að
nokkur vandkvæði rísa útaf því, þá að skýra nákvæmlega frá,
hverra framkvæmda hún óskar af stjórn hennar hátignar.

64. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir vesturamtinu, um niðurjöfnun bæjargjalda á kaup- staðnum Ísafirði.

8. júlí.

Með bréfi dagsettu 19. aprílmán. þ. á. hafði þér, herra
amtmaður, sent hingað skjal nokkurt, þar sem bæjarstjórnin á
kaupstaðnum Ísafirði ber sig upp undan ályktunum þeim, er
amtið hefir gjört um niðurjöfnun upphæðar þeirrar, sem eptir
áætluninni um tekjur og útgjöld kaupstaðarins fardagaárið 1868-
1869 átti að jafna niður á bæjarbúa, og hefir hún beiðzt úr-
skurðar dómsmálastjórnarinnar um þessi atriði:

1) hvort það sé gagnstæðilegt reglugjörðinni 26. janúarmán.
1866, bæði orðum hennar og tilgangi, að allar þær tekjur,
sem til eru án niðurjöfnunar, sé í áætluninni um tekjur
og gjöld kaupstaðarins dregnar eingöngu frá þeirri upphæð,
sem gjört er ráð fyrir til forlagseyris þurfamönnum bæj-
arins, og ef svo er,

2) hvort ekki eigi samt að draga þann hluta af tekjunum,
sem til eru, er annaðhvort er eða hefir verið ætlaður
eingöngu til forlagseyris þurfamönnum, frá þeirri upphæð,
sem gjört er ráð fyrir til forlagseyris þeim í áætluninni.

Eptir því sem málið ber með sér, er ágreiningur sá, sem
orðið hefir um þetta efni milli yðar, herra amtmaður, og bæjar-
stjórnarinnar á Ísafirði, sprottinn af því, að þegar bæjarstjórnin
tók til, hversu miklu skyldi jafna niður á bæjarbúa, dró
hún í áætlun sinni fê það, sem til var án niðurjöfnunar, frá
upphæð þeirri, sem gjört var ráð fyrir í áætluninni, að mundi

1869.

8. júlí.

ganga til forlagseyris þurfamönnum, en aptur hafid þer, herra amtmaður, álitid, að það ætti að draga fé þetta frá þeirri upphæð, sem ætluð var í áætluninni til hinna eiginlegu bæjarþarfa.

Um þetta skal yður til vitundar gefid, herra amtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess að þer kunngjörid það, að með því að stjórnarráðið verður að vera yður samdóma um, að álit yðar sé byggt á skýlausum orðum reglugjörðarinnar 26. janúarmán. 1866, 19. grein, þá skal úrskurður sá, sem amtíð hefir lagt á málið, standa óhaggaður.

8. júlí.

65. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um rekaftak Skefilstaða fyrir Gaukstaða landi.

Í bréfi dagsettu 13. febrúarmán. þ. á. hafid þer, herra amtmaður, lagt fram með, að gengid yrði að sáttaboði, er eigendur jarðarinnar Gaukstaða í Skagafjarðarsýslu hafa gjört í máli, sem umboðsmaðurinn yfir Reynistaðaklausturs umboði hafði höfðað á móti þeim fyrir hönd ríkissjóðsins til lúkningar á andvirðinu fyrir hval, 118 rd. að upphæð, er rekið hafði á fjöru umboðsjarðarinnar Skefilstaða; í sáttaboði þessu skuldbinda þeir sig til að greiða helming tæðrar upphæðar með því skilyrði, að ítök þau, sem greindar jarðir um langan aldur hafa átt hvor í annarar landi, skuli falla burtu eptirleidis.

Með því að sáttaboð þetta fer fram á breytingu á eignarréttindunum, eins og þau nú eru, bar dómsmálastjórnin málið upp fyrir konungi, og hefir hans hátign þóknast, 25. f. m., að fallast allramildlegast á samkvæmt tillögum stjórnarráðsins, að ganga megi að sáttaboðinu, þar er eigendur Gaukstaða gefa upp rétt þann til hagbeitar á vetrum, sem tæð jörð á í landi eignarjarðar ríkissjóðsins Skefilstaða, móti því, að ríkissjóðurinn afsali sér rekaréttindum þeim, sem Skefilstaðir eiga fyrir Gaukstaða landi.

Um leið og yður er kunngjört þetta, herra amtmaður,